

Framanrituð gjaldskrá er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929, 14 um fiskiræktarfélag, til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á., og birtist til eftirbreytni 5. marz öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

15

11. marz

fyrir

Reyðarfjarðarkauptún.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, gefið út svofellda hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún:

I. Takmörk hafnarinnar.

Reyðarfjarðarhöfn tekur yfir Reyðarfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Hellulækjarós, norðan fjarðarins í Handarhald, sunnan fjarðarins.

II. Hafnargjöld.

Af öllum skipum, sem mæld eru til lestatala, 12 smálestir eða þar yfir (að undanteknum þeim, er síðar getur um) skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri nettó-smálest, í fyrsta sinn á hverju ári, er þau hafna sig á Reyðarfjarðarhöfn, án tillits til þess, hvort skipið kemur beint frá útlöndum eða frá höfnum innanlands.

Af skipum, sem hafna sig oftari en einu sinni á ári, skal greiða 2 aura af hverri nettó-smálest í annari og þriðju ferð, en oftari skal ekkert skip hafnargjald greiða, hversu oft sem það hafnar sig á árinu.

Undanþegin hafnargjaldi skulu:

1. Öll herskip og skemmtiskip, hverrar þjóðar sem eru.
2. Öll skip, sem eru að fiskiveiðum við strendur landsins, ef þau afferma ekki né ferma annað en það, sem afla þeirra og útgerð snertir.

- 15 3. Loks skulu undanþegin hafnargjaldi öll skip, sem leita hafnar vegna sjó-
11. marz skaða.

III. Hafnarsjóður.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hér að framan, skulu renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar. Skal sjóðnum varið til umbóta á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu.

IV. Stjórn hafnarinnar.

Hafnarnefnd Reyðarfjarðar skipa þrjú menn. Er hreppstjóri Reyðarfjarðarhrepps formaður og hefir á hendi innheimtu hafnargjaldanna og reikningskil fyrir hafnarsjóð. Hina tvo kýs hreppsnefnd til þriggja ára í senn og skal annar þeirra ávallt vera í hreppsnefndinni.

Hafnarnefnd skal sjá um, að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórna hafnarsjóðnum með eftirliti hreppsnefndar, sem veitir fé úr sjóðnum, eftir tillögum hafnarnefndar og ber ábyrgð á sjóðnum, sem öðrum eigum hreppsins. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Handbært fé sjóðsins skal ávallt ávaxta í Landsbankanum eða annari jafntryggri lánsstofnun.

V. Um almenna reglu.

Fiskiskip og önnur skip, sem ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa og skulu þau í hvert skipi skyld að hlýða boði hafnarnefndar um það, hvar þau skuli leggjast.

Skip mega ekki leggja svo út frá sér strengi og önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

Vélbátum, sem eiga heima á Reyðarfirði, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar tafarlaust, en þyki einhverjum sér óréttur gjör, getur hann kært það fyrir sýslumanni.

VI. Seglfesta.

Segifestu má hvergi taka á hafnarsvæðinu nema með leyfi landeiganda og samþykki hafnarnefndar og ekki kasta út seglfestu á höfninni nema hafnarnefnd leyfi.

VII. Hegningarákvæði.

15
11. marz

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 400 krónum og rennur sektarféð í hafnarsjóð.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

16
13. marz

um

notkun Krossavíkur við Hellissand.

1. gr.

Skjólgarðurinn og Krossavíkin innan hans ásamt erfðafestulandi því, sem hreppsnefndin í Neshreppi utan Ennis hefir tekið á leigu hjá rikissjóði, er í umsjón hreppsnefndarinar. Ennfremur telst til Krossavíkur svæði það sem er innan línu, sem tekin er sjónhendingu frá svonefndum „Úrum“ á Sandi á „Reiðar“ á Brimnesi.

2. gr.

Bannað er að kasta fiskúrgangi innan skjólgarðsins. Í hvert skipti, sem aðgerð á fiski fer fram, skal flytja allan úrgang út fyrir skjólgarðinn eða á land upp í gryfjur, sem grafnar skulu þar sem hreppsnefnd leyfir.

Bannað er einnig að kasta út seglfestu eða bera steina ofan fyrir sjávarmál í vikinni. Akkeri eða aðra harða hluti má ekki láta liggja fyrir neðan stórstraumsflæðarmál. Enginn má grafa maðk til beitu eða gera neins konar gryfjur innan sömu takmarka.

3. gr.

Vélbátar, sem hafa aðsetur í vikinni eða leita þangað hafnar, skulu strax og inn er komið binda sig í báða stafna með járnkeðjum í festarhöld þau, sem í vikinni eru. Hver bátur skal skyldur að leggja þessar keðjur til sjálfur, og skulu þær teknar gildar af skoðunarmönnum Samábyrgðar Íslands. Hafi einhver bátur ekki keðjur, sem teknar eru gildar, skal hann strax útvega sér þær áður